

FUNDARGERÐ

491. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 22. mars kl. 17:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Skrifstofustjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setur fundinn. Óskað er eftir því að bætt verði á dagskrána liðnum:

- Lánasamningur vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sem þá verði liður III – 5 á dagskránni. Samþykkt samhljóða.
Jafnframt er óskað eftir því að fyrst verði tekinn á dagskrá liður III – 2: Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2011 fyrri umræða.

Gerðir fundarins:

Dagskrá

I. Fundargerðir til staðfestingar.

- 1. Fundargerð 186. fundar fræðslunefndar frá 13. mars 2012**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

- 1. Athugasemdir Skipulagsstofnunar við aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028**
Fram var lagt til upplýsinga bréf frá Skipulagsstofnun með ábendingum og athugasemdum sem stofnunin gerði við innsenda tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028.
Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Núna er verið að kynna athugasemdir Skipulagsstofnunar og taka þær fyrir. Svörin við athugasemdunum hafa ekki verið kynntar inn í sveitarstjórn. Samt ákvað meirihlutinn á síðasta fundi sveitarstjórnar að auglýsa aðalskipulagið. Er ekki grundvallaratriði að stjórnslan vinni hlutina í réttari röð?

Sveitarstjóri óska bókað: Við meðferð þessa máls hafa enga stjórnslureglur verið brotnar. Þetta bréf ver afgreitt á síðasta fundi sveitarstjórnar með afgreiðslu á fundargerð skipulags- og byggingarnefndar og var því aðeins lagt hér fram til upplýsinga og kynningar.

- 2. Bréf frá Húsafriðunarnefnd - Brydebúð á friðunarskrá**
Fram var lagt bréf frá Húsafriðunarnefnd þar sem fram kemur að samþykkt hafi verið að setja Brydebúð í Vík í Mýrdal á skrá yfir friðuð hús í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um húsafriðum um að öll hús sem byggð eru fyrir 1850 séu friðuð.
- 3. Aðalfundarboð Eignarhaldsfélags Suðurlands 22. mars 2012**
Sveitarstjóri mætti á fundinn f.h. Mýrdalshrepps, og gerði grein fyrir nokkrum umræðum á fundinum.
- 4. Fundarboð á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga**
Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verður haldinn 23. mars kl. 16.00 á Icelandair Hótel Natura í Reykjavík. Sveitarstjóri fer með umboð Mýrdalshrepps á fundinum og mætir þar ásamt Elínu Einarsdóttur oddvita.

5. Fundarboð á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars.

Boðað er til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. mars kl. 8.45 á Icelandair Hótel Natura í Reykjavík. Elín Einarsdóttir oddviti er kjörin fulltrúi Mýrdalshrepps á fundinum og mætir þar ásamt sveitarstjóra.

6. Skýrsla KPMG til sveitarstjóra um stjórnsýsluendurskoðun

Framlagt til kynningar.

7. Svar Vegagerðarinnar við athugasemdir Mýrdalshrepps frá 27. janúar.

Lagt fram til kynningar.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað: Bréf var sent til Vegagerðarinnar í nafni sveitarstjórnar, þar sem farið var fram á að Vegagerðin endurskoði athugasemdir sínar vegna nýrrar veglínu, þjóðvegur 1 um Mýrdal. Fulltrúi E-lista hafði enga vitneskju um þetta bréf og sá það fyrst í dag eftir að hafa beðið um að fá það sent. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt að það sem sent er undir nafni sveitarstjórnar á sveitarstjórn öll að vita um og hafa gefið samþykki sitt fyrir. Eru svona vinnubrögð sæmandi í opinberri stjórnsýslu?

Meirihluti sveitarstjórnar óskar bókað: Bréf Vegagerðarinnar dags. 16. nóvember er athugasemd við drögum að aðalskipulagsi Mýrdalshrepps 2012-2028. Í því bréfi koma fram tillögur Vegagerðarinnar um aðra veglagningu en þá sem Mýrdalshreppur er búin að vinna að í mörg ár og þó hefur Mýrdalshreppur unnið eftir einni af tillögum Vegagerðarinnar frá árinu 2008. Ennfremur er talað um að það sé plássleysi fyrir veg sunnan Víkurþorps, en þó var alltaf vitað að það yrði þröngt um vegstæðið þar. Í dag er unnið að því að ná aftur í horfið land og það eru ekki rök í málinu að vegstæðið okkar sé að hverfa. Meirihlutinn fór á fund Vegagerðarinnar til að fá betri svör við þessu bréfi þar sem afstaða Vegagerðarinnar virðist hafa breyst milli ára. Vegagerðin talar fyrir veglínu sem er að okkar mati ófær og fyrir allnokkru var búið að útiloka þessa leið sem færa leið. Meirihlutinn stendur styrkum fótum að vinnu í þeim málum sem voru kosningamál 2010 og þetta er klárlega eitt þeirra. Skoðanir fulltrúa minnihlutans hafa ekki áhrif á okkar vinnu þar um.

8. Erindi Orkustofnunar vegna nýtingarleyfa á köldu vatni hjá vatnsveitum sveitarfélaga

Á ekki við um Vatnsveitu Mýrdalshrepps.

9. Erindi frá Úrvinnslusjóði þar sem þess er krafist að komið verði upp aðstöðu til að tæma olíu af ónýtum ökutækjum.

Sveitarstjóra falið að kanna hvað þarf að gera til að hægt verði að sinna þessu verkefni á gámasvæði sveitarfélagsins.

10. Erindi frá SASS - afsláttur námsmanna vegna almenningsgangna

Á fundi stjórnar SASS var fjallað um erindi frá Árborg, Hveragerðisbæ og Bláskógabyggð varðandi sölu farmiða og afslætti til námsmanna. Stjórn SASS leggur áherslu á að farmiðasala fari fram í gegnum netið og þá að sveitarfélögin sjái um sölu til þeirra sem ekki geta nýtt sér netið.

Jafnframt að taki sveitarfélög ákvörðun um námsmannaafslátt til sinna íbúa, enda beri viðkomandi sveitarfélag þann kostnað.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps tekur undir afstöðu stjórnar SASS.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Endurskoðun á þjónustukorti Rangárþings eystra - Mýrdalshrepps

Fram var lagt erindi frá markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings- eystra með fyrirspurn um þátttöku í árlegri endurskoðun á þjónustukorti Rangárþings og Mýrdals. Sveitarstjórn samþykkir að taka áfram þátt í þessu verkefni, en óskar eftir samstarfi við Kötlusetur um markaðs- og kynningarmál.

2. Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2011 fyrri umræða

Á fundinn eru mætt Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi og Helga Halldórsdóttir skrifstofustjóri taka þátt í fundinum undir þessum lið. Fyrir liggur ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2011. Áritaður af sveitarstjóra. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur samstæðunnar 351,9 millj.kr. Rekstrargjöld með afskriftum námu 353,1 millj. kr. og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 19,4 millj. kr. Rekstarniðurstaða samstæðu er neikvæð um 20,8 millj. kr. Heildareignir samstæðu nema 573,6 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 347,2 millj. kr. Eigið fé nemur 226,4 millj. kr. Ársreikningi 2011 vísað til seinni umræðu. Einar og Helga víkja af fundi.

3. Samningur um styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til uppbyggingar í Dyrhólaey.

Fram var lagður samningur um styrk milli Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Mýrdalshrepps vegna framkvæmda í Dyrhólaey sem fara eiga fram í ár. Styrkurinn er að upphæð kr. 5.000.000.- Sveitarstjórn fagnar því að þessi styrkur hefur nú fengist og felur sveitarstjóra í samvinnu við fulltrúa Umhverfisstofnunar að vinna að undirbúningi framkvæmda og tryggja að sem allra fyrst verið komið upp viðunandi salernisaðstöðu á Háey í samræmi við samning Umhverfisstofnunar og Mýrdalshrepps um Dyrhólaey.

4. Niðurfærsla skammtímakrafna 31.12. 2011

Fram var lagður listi með upplýsingum um skammtímakröfur sem ekki eru taldar neinar líkur á að takist að innheimta samtals að upphæð kr. 830.051.- Sveitarstjórn samþykkir niðurfellingarnar.

5. Lánasamningur vegna lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga.

„Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 40.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna tengibyggingu milli grunnskóla og íþróttahúss ásamt því að fjármagna lagfæringu á hitaveituholu í Vík, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Eva Dögg Þorsteinsdóttir situr hjá við þessa afgreiðslu

Jafnframt er Ásgeiri Magnússyni sveitarstjóra, Kt: 030350-3089, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Mýrdalshrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.“
Eva Dögg Þorsteinsdóttir situr hjá við þessa afgreiðslu

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 139. fundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands frá 24. febrúar 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

2. Fundargerð 306. fundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 5. mars 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

3. Minnisblað verkefni starfsmanna APS í janúar og febrúar 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

4. Fundargerð barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. febrúar 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

5. Fundargerð félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 29. febrúar 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

6. Fundargerð 454. fundar stjórnar SASS frá 9. mars 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

7. Fundargerð 52. fundar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 21. febrúar 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

8. Fundargerð 53. fundar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 13. mars 2012

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

V. Kynningarefni.

1. Um viðlagatryggingu mannvirkja sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar

2. Til kynningar vegna athugunar á nauðsyn þess að verja Kötlugarðinn

Lagt fram til kynningar

3. Frá innanríkisráðherra vinnuskjal og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins

Lagt fram til kynningar

4. Um götulýsingu á veitusvæði RARIK

Lagt fram til kynningar

5. Bréf frá innanríkisráðuneytinu þar sem enn er frestað að afgreiða kæru Þorsteins Gunnarssonar vegna ráðningar landvarðar í mars- apríl 2011

Lagt fram til kynningar

Fundi slitið kl. 19.10

Elín Einarsdóttir
oddviti

Ingi Már Björnsson

Sigurður Elías Guðmundsson

Ólafur Steinar Björnsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir